

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 10. október 2014

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, brottfall laga nr. 97/1987, um vörugjald, og breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (kerfisbreyting á virðisaukaskatti, brottfall laga og hækkun barnabóta), 2. mál, 144. löggjafarþingi 2014–2015.**

Í frumvarpinu eru lagðar til þær breytingar á lögum um virðisaukaskatt að almenna þrepið lækki úr 25,5% í 24,0%, að neðra þrepið hækki úr 7% í 12% í byrjun árs 2015 og að virðisaukaskattsskylda verði tekin upp vegna fólksflutninga í afþreyingarskyni frá 1. maí 2015. Samhliða er lagt til að almennt vörugjald verði afnumið og að barnabætur verði hækkaðar til að koma til móts við hugsanlega lækkun ráðstöfunartekna hjá barnafjölskyldum vegna hækkunar neðra þrepsins.

Samtök atvinnulífsins telja umræddar breytingar auka skilvirkni og jafna samkeppnisstöðu í atvinnulífinu, bæta hag heimila og ríkissjóðs, einkum þegar til lengri tíma er litið, og hvetja Alþingi til að lögfesta frumvarpið.

Á undanförunum árum hafa Samtök atvinnulífsins hvatt stjórnvöld til að minnka í áföngum bil milli þrepa í virðisaukaskatti með hækkun lægra þrepsins og lækkun þess hærra. Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu er almenna þrepið á Íslandi næst hæst í heiminum og bilið á milli þess efra og neðra óvíða meira. Hinn mikli munur milli þrepa hvetur til undanskota og mismunar atvinnugreinum. Hagkvæmnis- og jafnræðisrök styðja því minnkun munar milli þrepanna.

Virðisaukaskattur er ekki eins skaðlegur og flestir aðrir skattar þar sem hann hefur tiltölulega lítil áhrif á fjárfestingar og vinnuframboð og þar með verðmætasköpun. Ríkið þarf að rækta þennan mikilvægasta skattstofn sinn, hafa hann sem breiðastan, hlutfallið sem lægst og stuðla að stækkun hans. Fækkun undanþága og minnkun munar milli þrepa er því heppileg leið til að auka skilvirkni virðisaukaskattskerfisins.

SA telur rétt að gengið verði lengra í afnámi undanþága í virðisaukaskattskerfinu. Má þar benda á almenningsamgöngur þannig að allir fólksflutningar verði felldir undir virðisaukaskattkerfið, ekki aðeins fólksflutningar í afþreyingarskyni. Þannig verði öll starfsemi fólksflutningafyrirtækjanna í sama skattþrepi. Rök kunna þó að standa til að undanþiggja innanlandsflugið. Þá telja SA mikilvægt að fyrirtækjum sé gefinn eðlilegur aðlögunartími að breytingum á skattalögum sem að lágmarki ætti að vera eitt ár. Í tilviki ferðaðþjónustunnar eru þó rök fyrir lengri aðlögunartíma þar sem samningar um verð eru í mörgum tilvikum gerðir enn lengra fram í tímann.

Virðisaukaskattur hentar afar illa til jöfnunar lífskjara. Samkvæmt neyslurannsókn Hagstofu Íslands fyrir tímabilið 2010-2012 varði efri tekjuhellingur heimila 14,8% útgjalda sinna til kaupa á mat- og drykkjarvörum en neðri hellingurinn 15,0%. Sá stuðningur sem í lægra þrepinu felst fellur þar af leiðandi að meiri hluta til tekjuhærra heimila en þeirra tekjulægri. Nánar til tekið rennur 57% stuðningsins til þess helmings sem hærri tekjurnar hafa. Sé litið til tekjufjórðunga þá ver lögsti tekjufjórðungurinn 14,7% útgjalda sinna til kaupa á mat- og drykkjarvörum en sá tekjuhæsti 14,5%. Fjórðungurinn með hæstu tekjurnar nýtur 31% stuðningsins en fjórðungurinn með lægstu tekjurnar 20%.

Áform um afnám sérstakra vörugjalda er sérstakt fagnaðarefni. Vörugjaldskerfið er úrelt, handahófskennt, þunglamalegt og rekstur þess kostnaðarsamt fyrir atvinnulífið og ríkið. Samtök atvinnulífsins hafa ítrekað bent á skaðleg áhrif vörugjalda á samkeppni þar sem þau valda oft og

tíðum verulegu misræmi í verðlagningu sambærilegra vara. Þá er það sérkennileg skattastefna að skattleggja matvörur í lægra þrepi en leggja sérstakt vörugjald á innréttingar í eldhúsum og rafmagnstæki til notkunar við matseld.

Virðingarfyllt,  
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Hannes G. Sigurðsson